

**550. fundur
haldinn í bæjarráðssal, 15. september 2016
og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Hafdís Bjarnadóttir formaður, Katrín Gísladóttir (KG) aðalmaður, Helga Guðmundsdóttir (HG) aðalmaður, Sturla Böðvarsson bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Dagskrá:

1. Skipulags- og bygginganefnd - 201 - 1608001F

Fundargerð framlögð.

Fundargerð framlögð.

1.1 1606035 - Tangagata 6 - Sólstofa

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið. Breytingarnar falla undir gr.2.3.5 lið H í byggingarreglugerð. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að gefa út leyfi samkvæmt gr.2.3.6 í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

1.2 1608034 - Þvervegur 10 - Breytingar utanhúss

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið. Breytingarnar falla undir gr.2.3.5 lið C í byggingarreglugerð. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að gefa út leyfi samkvæmt gr.2.3.6 í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Katrín sat hjá vegna tengsla.

1.3 1608033 - Lágholt 2 - Breytingar utanhúss

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið. Breytingarnar falla undir gr.2.3.5 lið C í byggingarreglugerð. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að gefa út leyfi samkvæmt gr.2.3.6 í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

1.4 1609004 - Borgarbraut 4-6-6a - Lóðarleigusamningar

Skipulags- og byggingarnefnd frestar afgreiðslu og óskar eftir áliti yfirmanns í íþróttahúsi og skólustjóra Grunnskóla.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

1.5 1608025 - Umsókn um lóðir fyrir íbúðarhús f.h. Hjálmars Jónssonar dags. 23.8.16

Skipulags- og byggingarnefnd vísar á lausar einbýlishúsalóðir í Stykkishólmi

sem eru til úthlutunar.

Bæjarráð samþykkir að opna 1. áfanga úthlutunnar á Víkursvæðinu. skipulags- og byggingarfulltrúa falið að undirbúa opnun á svæðinu til úthlutunnar.

1.6 1506007 - Viðhald húsa í Stykkishólmi

Skipulags- og byggingarnefnd frestar afgreiðslu og leggur til að eiganda Skólastíg 12 verði sent bréf þar sem kynnt eru ákvæði í byggingarreglugerð og leiðbeiningarblað Mannvirkjastofnunar "Aðgerðir til að knýja fram útbætur" er varðar viðhald og dagsektir og "samþykkt um vinnuferil mála hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar" er varðar dagsektir. Eldri bréf frá 2015 og 2016 fylgi með. Óskað verði eftir raunhæfri áætlun fyrir næsta fund skipulags- og byggingarnefndar um viðhald hússins.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerð 103. fundar stjórnar dvalarheimilisins, dags. 06.09.16 - 1609016

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. Fundargerð 125. fundar stjórnar SSV, dags. 24.08.16 - 1609022

Fundargerð framlögð.

4. Fundargerð 842. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 2.9.16 - 1609013

Fundargerð framlögð.

5. Framvinda framkvæmda við byggingu Amtsbókasafns og skólabókasafns - 1608016

Bæjarstjóri gerði grein fyrir framvindu mála.

6. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2016 - 1609011

Framlagt. Sturla Böðvarsson bæjarstjóri mætir á aðalfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir hönd Stykkishólmsbæjar.

7. Fundargerð stjórnar Jeratúns og árshlutauppgjör hjá Jeratúni, dags. 29.08.16 - 1609008

Fundargerð stjórnar Jeratúns og árshlutauppgjör hjá Jeratúni framlagt.

8. Fundur í samstarfsnefnd lögreglu og sveitarstjóra haldinn 07.09.16 - 1609006

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundinum.

9. Framlög vegna stuðnings við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda, dags. 15.09.16 - 1609024

Framlagt.

- 10. Eftirfylgni með úttekt á sérfræðipjónustu. Erindi frá 19.8.16 - 1608031**
Bæjarstjóri lagði fram svarbréf til Mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 11. Eftirfylgni með úttekt á leikskólanum í Stykkishólmi - upplýsinga óskað um mat sveitarstjórnar á framkvæmd umbóta, dags. 6.9.16 - 1609012**
Bæjarstjóri lagði fram svarbréf til Mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 12. Fundargerð stjórnarfundar og aðalfundar FSS haldinn 23.8.2016 - 1608028**
Fundargerðir stjórnarfundar og aðalfundar FSS haldinn 23.8.2016 framlagðar. Formaður bæjarráðs gerði grein fyrir ákvörðun aðalfundar FSS hvað varðar búsetuþjónustu fatlaðs fólks á Snæfellsnesi.
- 13. Skýrsla um stöðu hafna - 1609007**
Skýrsla um stöðu hafna framlögð.
- 14. Erindi varðandi bréf Akranesskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar varðandi málefni fatlaðs fólks, dags. 29.8.16 - 1609001**
Bæjarráð Stykkishólmsbæjar er meðmælt ósk Akranesskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um undanþágu frá mannfjöldaviðmiðum 4. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992. Ljóst er að samleiðaráhrif reksturs eins svæðis fyrir Vesturland hafa ekki gengið eftir og óþarfa flækjustig hefur myndast þar sem svæðið er víðfeðmt og þörfin misjöfn á svæðunum.
- 15. Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2016 - 1609002**
Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2016 fyrir skólaárið 2016-2017 framlögð. Grunnskóli Stykkishólms fær úthlutað 188.333 kr.
- 16. Erindi varðandi Umsókn um nýtt starfsleyfi til urðunar á óvirkum úrgangi, dags. 01.09.16 - 1609003**
Samþykkt að fela bæjarritara að sækja um nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstað við Ögursveg í Stykkishólmi.
- 17. Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2016/17, dags. 6.9.2016 - 1609014**
Samþykkt að fela bæjarstjóra að sækja um byggðakvóta fiskveiðiárið 2016-2017 á sömu forsendum og á síðasta ári, fyrir hönd Stykkishólmsbæjar.
- 18. Staðsetning rafhleðslustöðvar - 1609010**
Bæjarráð fagnar því hve Orkusalan brást skjótt við beiðni bæjaryfirvalda um að setja upp rafhleðslustöð í Stykkishólmi. Bæjarráð mælir með því að rafhleðslustöðin verði staðsett við Íþróttamiðstöðina og felur byggingafulltrúa að vera sambandi við Orkusöluna um nánari staðsetningu.

19. **Samkomulag sveitarfélaga og ríkis vegna rekstrarframlags til hjúkrunarheimila og uppgjors lífeyrisskuldbindinga, dags 07.09.16 - 1609009**
Bæjarráð fagnar samkomulagi sveitarfélaga og ríkis vegna rekstrarframlags til hjúkrunarheimila og uppgjors lífeyrisskuldbindinga.
20. **Dvalarheimili - Þjónustuíbúðir: Ársreikningur 2015 - 1609015**
Ársreikningur Dvalarheimili - Þjónustuíbúðir: Ársreikningur 2015 framlagður og samþykktur.
21. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum sem varðar öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni, dags. 11.09.16 - 1609023**
Bæjarráð hvetur sjávarútvegsráðherra og þingmenn kjördæmisins að afgreiða málið sem fyrst. Helga sat hjá.
22. **Úttekt slökkviliða 2016, Stykkishólmur, 5.9.16 - 1609018**
Úttekt á slökkviliði Stykkishólms framlögð. Samþykkt að visa úttektinni til Guðmundar Kristinssonar slökkviliðsstjóra og skipulags- og byggingafulltrúa.
23. **Umsókn Útgerðarfélagssins Rán ehf 640395-2069 Kristján Berntsson 070270-3749 Eydís Jónsdóttir 010474-5589 - 1608014**
Bæjarráð samþykkir að verða við umsókn Útgerðarfélagssins Rán ehf 640395-2069, Kristján Berntsson 070270-3749 og Eydís Jónsdóttir 010474-5589, um lóðir undir smáhýsi við Vatnsás. Þessi umsókn var lögð fram í maí 2014 og afgreidd til úthlutunar. Helga greiðir atkvæði gegn umsókninni.

Bókun:

Undirrituð vill að auglýsingafrestur vegna skiplagsins verði látin líða. Verði þá lóðirnar auglýstar.

Helga Guðmundsdóttir
24. **Breytingar á byggingareftirliti frá og með 1.janúar 2018 í samræmi við ákvæði laga um mannvirki nr.160/2010 - 1608032**
Framlagt til kynningar.
25. **Umsókn Krummafótar ehf um breytingu rekstrarleyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í veitingastaður í flokki III vegna veitingahússins Skúrsins, dags. 4.9.16 - 1609020**
Bæjarráð hefur ekki athugasemd við umsókn Krummafótar ehf. um breytingu á rekstarleyfi. Enda uppfyllir Krummafótar ehf. þær reglur sem gilda um slíkan rekstur.
26. **Erindi varðandi breytta nýtingu á lóð Aðalgötu 17, dags. 13.9.16 - 1609021**
Bæjarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið.

27. Tillaga að deiliskipulagi miðbæjar og hús við Frúarstíg - 1608017

Lagt fram bréf Lex lögfræðistofu f.h. Queen Eider ehf. og svar bæjarstjóra vegna erindisins sem varðar deiliskipulag miðbæjarins. Bæjarráð felur bæjarstjóra að eiga viðræður við aðila máls og skýra afstöðu bæjaryfirvalda.

Stefnt er að því að halda kynningarfund á tillögum á breytingu á deiliskipulagi miðbæjarins mánudaginn 26. september n.k.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:46

Hafdís Bjarnadóttir

Katrín Gísladóttir (KG)

Helga Guðmundsdóttir (HG)

Sturla Böðvarsson

Þór Örn Jónsson
